Nr. 477 1. júní 2010

# REGLUGERÐ

**um (11.) breytingu á reglugerð nr. 849/1999 um eftirlit með innflutningi sjávarafurða.**

1. gr.

Hvarvetna þar sem getið er um „lög um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða“ skal koma í viðeigandi beygingarfalli: lög um sjávarafurðir.

2. gr.

Við 1. mgr. 35. gr. bætist svohljóðandi texti: og laga um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.

3. gr.

1. mgr. 36. gr. verður svohljóðandi:

Reglugerð þessi er sett með heimild í 29. og 31. gr. laga nr. 55/1998 um sjávarafurðir, með síðari breytingum, 19. gr. laga nr. 151/1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum, 9. gr. laga nr. 22/1998 um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum og í 7. gr. laga um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, með síðari breytingum.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 29. og 31. gr. laga nr. 55/1998, um sjávarafurðir, með síðari breytingum og 7. gr. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 1. júní 2010.*

**Jón Bjarnason.**

*Baldur P. Erlingsson.*

B-deild – Útgáfud.: 3. júní 2010